

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1344
komudagur 14.3.2006

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is

Allsherjarnefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 14. mars 2006.

Efni: Frumvarp til laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 53. mál, brottvísun og heimsóknarbann.

Félagsþjónustunni í Hafnarfirði hefur borist bréf, dags. 23. febrúar '06, þar sem óskað er eftir umsögn vegna frumvarps til laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 53. mál, brottvísun og heimsóknarbann.

Félagsþjónustan í Hafnarfirði styður umrætt frumvarp til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála og á almennum hegningarlögum. Með gildistöku frumvarpsins væri stigið mikilvægt skref í að tryggja réttarvernd kvenna og barna í heimilisofbeldismálum. Eins og staðan er í dag þá þurfa fjölskyldumeðlimir, sem sæta ofbeldi innan veggja heimilis, að flýja heimili sitt og leita á náðir aðstandenda eða kvennaathvarfs. Slíkt leiðir til mikillar röskunar fyrir þolendur heimilisofbeldis og sér í lagi fyrir börn sem búa við slíkar aðstæður.

Af þeim sökum er mikilvægt að lögregla hafi tiltekin úrræði til að fjarlægja ofbeldismann tímabundið af heimilinu svo að aðrir fjölskyldumeðlimir séu ekki settir í þá erfiðu aðstöðu að þurfa flýja heimili sitt.

Virðingarfyllst,

e.u.


Anna Jörgensdóttir hdl.